

Borgarráð Reykjavíkur  
Ráðhúsið, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík  
Bt Linda Sif Sigurðardóttir

Reykjavík, 10. október 2018

**Varðandi: „Borgarráð 4.10.'18: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins vegna svars við fyrirspurn um hreyfingu á íbúðum hjá Félagsbústöðum - R18080196“**

Fyrirspurn:


1. Óskað er eftir sundurliðun á hvers lags viðgerðir eru í gangi á þessum 90 íbúðum.
2. Hvenær hófust viðgerðir?
3. Á hvaða stigi eru þær?
4. Hvenær verður þeim lokið?
5. Af hverju eru svo margar íbúðir óstandsettar?
6. Hverjar eru ástæðurnar?

Svar Félagsbústaða er eftirfarandi:

Einhvers misskilning virðist gæta hjá spyrjanda varðandi fyrra svar Félagsbústaða. Langflestar íbúðirnar sem um ræðir eru í reglubundnu standsetningarferli sem fram fer í hvert sinn sem leigutaki skilar íbúð til félagsins.

1. Standsetning íbúðar felst gjarnan í eftirfarandi verkliðum:
  - a. Hreinsun íbúðar þ.e. þess sem fyrri leigutaki skilur eftir í íbúðinni eftir að hafa flutt út
  - b. Yfirferð á rafkerfi, uppsetninga á vinnulýsingu
  - c. Rif á innréttingum/gólfefni/hurðum
  - d. Hreinsun veggja og málun íbúðar
  - e. Uppsetning á nýjum innréttingum/gólfefni/hurðum
  - f. Lokafrágangur og öryggisúttekt
  - g. Þrif og þvottur íbúðar
2. Standsetning hefst stuttu eftir að íbúð hefur verið skilað inn og líkur yfirleitt innan 2-3 mánaða
3. Þær eru að ýmsum stigum standsetningar, en að jafnaði hálfnaðar
4. Sama svar og 2.
5. Íbúðirnar eru í standsetningarferli sem tekur 1-3 mánuði. Um 250-350 íbúðum er að jafnaði skilað til félagsins frá leigutökum á hverju ári og fara í standsetningarferli. Þetta eru um 3% íbúða á hverjum tíma.
6. Sama svar og 5.

Virðingarfyllst



Framkvæmdastjóri Félagsbústaða hf  
Auðun Freyr Ingvarsson